

**Staðfesting konungs** á skipulagsskrá fyrir »Berklaveikrasjóðinn Þorbjörg«, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af ráðherra Íslands 15. apríl 1915. 15. apríl 64  
 Skipulagsskráin er þannig:

## Skipulagsskrá

fyrir Berklaveikrasjóðinn Þorbjörg.

### 1. gr.

Sjóður þessi er stofnaður af hjónunum Thor Jensen kaupmanni í Reykjavík og konu hans Margrjetu Þorbjörgu, og er nafn sjóðsins:

»Berklaveikrasjóðurinn Þorbjörg«.

### 2. gr.

Stofnfje sjóðsins eru hlutabréfin Ltr. E. nr. 21, að upphæð 1000 kr. og Ltr. F. nr. 1, að upphæð 5000 kr. í hlutafjelinu »Eimskipafjelag Íslands«, og auk þess 400 — fjögur hundruð kr. í peningum.

### 3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja til lækninga hjer á landi berklaveikt fólk, bæði til dývalar á berklaveikrahæli og á annan hátt. Íslendingar og þeir útlendingar, sem hafa verið búsettir hjer á landi að minsta kosti fimm ár, skulu hafa forgangsrjett til styrks úr sjóðnum. Styrk má eigi veita þeim, sem eru á fátækraframfæri.

Pegar liðin eru 50 — fimmtíu — ár frá dagsetning þessarar skipulagsskrár, geta stjórnendur sjóðsins ákveðið, að styrk úr honum megi veita til lækninga á öðrum langvarandi veikindum en berklaveiki.

### 4. gr.

Sjóðurinn stendur undir stjórn yfirstjórnar Heilsuhælistjelagsins. Leggist það fjelag niður, skal sjóðurinn afhentur stjórnarráði Íslands, sem síðan stjórnar sjóðnum.

### 5. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, en vöxtum af honum skal varið á þann hátt, sem segir í 3. gr. Þó má verja þeim 400 kr. í peningum, sem getið er í 2. gr., til styrkveitingar árið 1915. Stjórnendur sjóðsins mega ekki selja framangreind hlutabréf í h/f Eimskipafjelagi Íslands undir ákvæðisverði þeirra, en leggist það fjelag niður, skal setja sjóðinn á vöxtu með sömu trygging, sem lög skipa fyrir á hverjum tíma um ómyndugra fje, en að öðru leyti ráða

**64** þá stjórnendur sjóðsins ávöxtun hans. Stjórnendum sjóðsins er heimilt að ákveða 15. apríl fyrir eitt ár í senn að leggja vextina við höfuðstólinn, þó eigi oftár en svo, að öllum ársvöxtum sje varið til styrkveitinga sjö ár af hverju tíu ára tímabili.

6. gr.

Styrkur úr sjóðnum skal veittur einusinni á ári. Stjórnendur sjóðsins skulu auglýsa styrkinn með hæfilegum fyrirvara í tveimur blöðum, sem þeir telja viðlesnust hjer á landi, og veita hann að fengnum nægilegum upplýsingum um að skilyrðum þeim, er ræðir um í 3. gr., sje fullnægt, svo og um þörf umsækjanda til þess að verða styrksins aðnjótandi. Heimilt er að veita sama styrkþega styrkinn tvisvar, en eigi oftár.

7. gr.

Stjórnendur sjóðsins semja árlega reikning yfir tekjur og gjöld hans, svo og efnahagsreikning, og er reikningsár sjóðsins almanaksárið. Ársreikninginn skal birta í B-deild Stjórnartíðindanna og Lögbirtingablaðinu innan tveggja mánaða eftir lok reikningsársins.

Reykjavík, 3. apríl 1915.

*Thor Jensen. Margrjet Þorbjörg Jensen.*

**65**  
20. apríl

## Reglugjörð

**um niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts í Reykjavíkurborg.**

1. gr.

Af öllum húsum í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins, sem virt eru til brunabóta og standa á lóð, er liggur að götu eða vegi eða opnu svæði, þar sem vatnsæðar liggja, skal greiða vatnsskatt. Sama er og um önnur hús, er fá vatn leitt úr vatnsveitu bæjarins. Skatturinn skal lagður á eftir virðingarverði húsanna til brunabóta. Skattinn skal einnig greiða af virðingarverði fastra vjela, sem í húsinu eru, ef þær eru vátrygðar ásamt því.

2. gr.

Húsum kaupstaðarins skal skift í flokka til skatts, sem hjer segir: